

## L Ö G

### um veitingu ríkisborgararéttar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Aðalsteinsdóttir, barn á Akureyri, f. í Suður-Kóreu 10. janúar 1977.
2. Beers, Christa, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Þýskalandi 8. mars 1924.
3. Calatayud, Miguel Casanova, verkamaður í Reykjavík, f. á Spáni 16. september 1928.
4. Druzina, Alevtina Valerievna, cand. mag., Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 18. nóvember 1938.
5. Falkvard, Eydna Sólbrún, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 22. september 1938.
6. Fannberg, Yrsa Roca, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 22. nóvember 1973.
7. Gicheva, Evgenia Peneva, arkitekt í Reykjavík, f. í Búlgaríu 22. mars 1947.
8. Haagenen, John, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 1. október 1946.
9. Hansen, Agnes, kennari í Hveragerði, f. á Íslandi 13. júní 1954.
10. Honkanen, Anja Iris Katarina, húsmóðir í Kópavogi, f. í Finnlandi 19. janúar 1933.
11. Hübner, Herdís Magnea, gjaldkeri á Ísafirði, f. á Íslandi 22. janúar 1954.
12. Kankam, Kankaew, húsmóðir í Kópavogi, f. í Thailandi 8. júlí 1953. Fær réttinn 10. júlí 1978.
13. Kim, Hyun Jin, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 25. apríl 1977.
14. Koo Man Suk, barn á Hólmanvík, f. í Suður-Kóreu 27. desember 1973.
15. Loebell, Maja, kennari í Keflavík, f. í Þýskalandi 25. nóvember 1949.
16. Marti, Maria Teresa, húsmóðir í Reykjavík, f. á Spáni 17. apríl 1950.
17. McGinley, Eleanor Beatrice, húsmóðir í Reykjavík, f. í Skotlandi 6. nóvember 1930.
18. Mekkinó Björnsson, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 20. mars 1953.
19. Newman, Jón Róbert, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 5. febrúar 1954.
20. Nielsen, Meinert Johannes, hafnarvörður í Njarðvík, f. í Færeyjum 23. ágúst 1922.
21. Niemenen, Laila Björt, húsmóðir í Laufási í Viðidal, Vestur-Húnavatnssýslu, f. í Danmörku 24. apríl 1943.
22. Oldfield, Richard, nemandi í Sandgerði, f. í Englandi 5. nóvember 1959.
23. Ólöf Viktorsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Danmörku 28. febrúar 1977.
24. Ómar Þorsteinn Arnason, barn á Akureyri, f. í Suður-Kóreu 17. mars 1976.
25. Pedersen, Else Lilian, húsmóðir í Kópavogi, f. í Danmörku 26. ágúst 1937.
26. Poulsen, Johanne Sofie, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 19. júlí 1942.
27. Ramos, Ernesto Hilmar, barn í Reykjavík, f. á Kúbu 13. júní 1975.

28. Sunna Björk Gylfadóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 6. apríl 1977.
29. Tegeder, Edda, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. apríl 1939.
30. Veronika Sigríður Bjarnardóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 23. september 1973.
31. Vignir Már Runólfsson, barn í Grundarfirði, f. í Suður-Kóreu 24. desember 1976.
32. Vinther, Jóhanna Birgitta, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 25. apríl 1932.
33. Yamagata, Nobuyasu, verkamaður í Borgarnesi, f. í Japan 11. október 1950.
34. Yoo, Jin-Sung, barn á Akranesi, f. í Suður-Kóreu 24. apríl 1977.
35. Zharova, Tatyana Borisovna, barn í Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 8. september 1966.
36. Þórunn Gísladóttir, húsmóðir í Sandgerði, f. á Íslandi 24. apríl 1918.

## 2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannaöfn.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69 23. maí 1974, komi ný grein, svo hljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

## 2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vöru- tegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslu- tækjum eða mannvirkjum þeirra.